

Samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg, telst eining tengd almannahagsmunum í skilningi 1.gr. laga nr. 79/2008. Reykjavíkurborg ber því að skipa endurskoðunarnefnd skv. 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Dótturfélög Reykjavíkurborgar teljast einingar innan samstæðu Reykjavíkurborgar í merkingu ársreikningalaga og skipar borgarstjórn endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar.

Umboð og verksvið

1. gr.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og á grundvelli leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt þessari, samþykkt fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreikningaog samstæðureikninga.
4. Mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
5. Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda.

Verkefni nefndarinnar takmarka ekki ábyrgð þeirra aðila sem hún starfar fyrir.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar skal hafa tíð samskipti við ytri endurskoðendur og innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar til að tryggja að brugðist verði tímanlega við ábendingum sem upp koma í störfum þeirra.

3. gr.

Nefndin skal rannsaka það efni sem nauðsyn þykir og er í samræmi við verksvið nefndarinnar en getur jafnframt átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni í hverjum þeim málum sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma. Nefndin hefur heimild til að afla utanaðkomandi ráðgjafar þ.m.t. lögfræðiráðgjafar og endurskoðunarráðgjafar.

Nefndin hefur fullan aðgang að innri endurskoðanda, stjórnendum, starfsmönnum og ytri endurskoðendum eftir því sem nauðsynlegt er til að uppfylla skyldur sínar. Nefndin skal hafa fullan aðgang að þeim gögnum sem hún telur nauðsynleg til að rækja hlutverk sitt.

Borgarráð og stjórnir félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar geta sent nefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni sem varðar verkefni nefndarinnar skv. 2 grein.

4. gr.

Endurskoðunarnefnd fer yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Endurskoðunarnefnd ber í þessu samhengi ábyrgð á því að til staðar sé kerfi sem

tryggir upplýsingagjöf um gerð reikningsskila til nefndarinnar frá stjórnendum, ytri endurskoðendum og innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd skal reglulega skila skýrslum um störf sín til borgarráðs og stjórna fyrirtækja innan samstæðu borgarinnar eða eigi sjaldnar en árlega.

Endurskoðunarnefnd skal tilkynnt um mikilvægar ákvarðanir sem teknar eru varðandi undirbúning og gerð ársreiknings sem og vandamál sem upp kunna að koma við endurskoðun ársreiknings, þar með talið takmarkanir á verksviði eða aðgangi að umbeðnum upplýsingum.

5. gr.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með óhæði, hlutlægni og skilvirkni ytri endurskoðenda og samþykkir þau verkefni sem tengjast ekki höfuðverkefni endurskoðunarinnar með beinum hætti. Þá metur endurskoðunarnefnd a.m.k. árlega hæfni, og sjálfstæði ytri endurskoðenda. Nefndin skal enn fremur hafa eftirlit með viðbrögðum stjórnenda við tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda.

6. gr.

Endurskoðunarnefnd skal leggja mat á gæði og skilvirkni Innri endurskoðunar. Nefndin gerir þetta m.a. með tillögugerð varðandi ráðningu eða uppsögn innri endurskoðanda, tillögum varðandi fjárhag og með eftirliti með viðbrögðum stjórnenda við tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslum innri endurskoðanda.

Skipan

7. gr.

Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, kjörnum af borgarstjórn og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Varamenn eru kjörnir með sama hætti. Borgarstjórn kýs formann, en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Nefndarmenn skulu vera óháðir Reykjavíkurborg, og geta starfsmenn ekki átt sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu einnig vera óháðir ytri endurskoðendum, hafa þekkingu og reynslu í samræmi við starfssvið nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Verkstjórn og verkaskipting

8. gr.

Formaður endurskoðunarnefndar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Boðun funda og fundarsköp

9. gr.

Formaður boðar til funda eftir þörfum. Komi fram ósk nefndarmanna, lykilstjórnenda innri endurskoðanda eða ytri endurskoðanda um fund í nefndinni ber að verða við því. Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu vera mál sem berast

nefndinni auk mála sem nefndarmenn hafa óskað eftir tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði hennar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Endurskoðunarnefnd skal hið minnsta einu sinni á ári eiga fundi með æðstu stjórnendum, innri endurskoðanda og ytri endurskoðendum til að ræða þau mál sem nefndin eða einhverjum þessara hópa telur að ætti að ræða á slíkum fundi. Auk þess skal nefndin funda ársfjórðungslega með ytri endurskoðendum og viðkomandi stjórnendum til að fara yfir niðurstöður ársfjórðungsuppgjöra og viðeigandi skýrslna.

Nefndin getur boðað alla stjórnendur eða annað starfsfólk, eða þriðja aðila, á sinn fund eftir því sem hún telur viðeigandi og nauðsynlegt vegna verkefna sinna.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

10. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Endurskoðunarnefnd skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða jafnóðum til borgarráðs og stjórnna dótturfélaga þegar fjallað er um málefni sem varða þau. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Innri endurskoðun leggur nefndinni til fundarritara en skrifstofa borgarstjórnar annast skrifstofuhald.

Samþykkt í borgarstjórn 10. júlí 2014